

Djúpavogshreppur

dags. 18.11.2019

Bakki 1

765 Djúpavogi



## Erindi. Ósk um stuðning

### Náttúruverndarsamtök Austurlands 50 ára

Náttúruverndarsamtök Austurlands voru stofnuð 13. október 1970. Samtökin hafa frá fyrsta degi barist fyrir náttúruvernd á Austurlandi en starfsvæðið er þó stærra en fjórðungurinn þar sem það nær allt frá Lómagnúp að Langanesi. Félagið hefur verið mjög virkt á síðustu árum og unnið að margvíslegum góðum verkefnum í þágu samfélagana á starfssvæðinu. NAUST hefur aldrei haft jafn mikilvægu hlutverki að gegna og einmitt nú um stundir þegar stórar áskoranir er varða náttúruvernd og umhverfismál liggja á borðinu.

Á næsta ári fagna Náttúruverndarsamtök Austurlands hálfra aldar afmæli og að því tilefni er stefnt á að halda starfi og sögu samtakana sérstaklega á lofti. Þá hefur stjórn samtakana ákveðið að efna til veglegrar afmælisútgáfu vegna þessara merku tímamóta NAUST. Þegar hefur verið ráðinn ritstjóri til verkefnisins og er efnisöflun í útgáfuna þegar hafin. Þá hefur stjórn Náttúruverndarsamtakana einnig tekið ákvörðun um að standa fyrir ráðstefnu og viðburðum á Austurlandi á afmælisárinu. Lögð verður áhersla á fjölbreytta dagskrá en þó með sérstaka áherslu á austfirskra náttúru. Stjórn Náttúruverndarsamtaka Austurlands leggur áherslu á að eiga upplýst og gott samtal og samstarf við samfélagið allt á Austurlandi.

Í ljósi sérstaklega mikils umfangs á afmælisári NAUST fer stjórn Náttúruverndarsamtaka Austurlands hér þess góðfúslega á leit við ykkar ágæta sveitarfélag að leggja samtökunum lið á þessum merku tímamótum með styrkframlagi sem ykkar ágætu fulltrúar telja viðeigandi. Áætlað er að tilfallandi kostnaður við útgáfu og viðburði á næsta ári verði á fjórðu milljón króna. Eðli máls mun því taka verulega í sjóði samtakana á því viðburðaríka ári sem bíður okkar meðfram rekstri félagsins þar sem af mörgum öðrum verkefnum verður að taka.

**Styrkframlag greiðist inn á reikn. NAUST nr. 0176-26-002626**

**kt. 700678 - 0599**

Virðingarfyllst með von um jákvæð viðbrögð

F.h. stjórnar NAUST

Andrés Skúlason form.